



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Borg Starfsáætlun 2025 – 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	4
3	Ytra mat	7
3.1	Viðhorfsskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar	7
3.2	Foreldrakönnun	9
4	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026	10
5	Innra mat deilda 2024-2025	13
5.1	Innra mat Lóuholts 2024-2025	13
5.2	Innra mat Spóaholts 2024-2024	14
5.3	Innra mat Krummaholts 2024-2025	14
5.4	Innra mat Arnarholts 2024-2025	16
5.5	Innra mat Fálkaholts 2024-2025	17
5.6	Innra mat Ugluholts 2024-2025	17
6	Innra mat sérkennslu	20
6.1	Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026	21
7	Innra mat – Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	22
7.1	Umbótaáætlun - Fjölbreytti 2025-2026	22
8	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans.	23
9	Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísuð í skólanámskrá leikskólans	24
10	Foreldrasamvinna	24
11	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	25
12	Fylgiskjöl	27
12.1	Umbótaáætlun deilda 2025-2026	27
13	Umsögn foreldraráðs	29





1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2024-2025 hófst af krafti þar sem tveir nýir aðstoðarleikskólastjórar hófu störf sumarið 2024. Haustið gekk vel framan af og við jukum teymisvinnu eins og gert var ráð fyrir í starfsáætlun síðasta árs. Í október 2024 tók við erfiður tími, þar sem mannekla varð skyndilega mikil vegna aukinna umsvifa í sérkennslu, óvæntra veikinda meðal starfsmanna og erfiðra ráðningarskilyrða. Við þurftum að grípa til skipulagðar faliðunar og skerðingu á þjónustu um nokkurt skeið. Upp úr áramótum rættist úr ráðningum og við fengum til liðs við okkur frábært starfsfólk sem kom annað hvort tímabundið eða réði sig til lengri tíma hjá okkur.

Á árinu var áhersla lögð á hæglæti í starfinu sem og frjálsan og flæðandi leik í fámennum hópum. Fræðsludagskráin á starfsdögum ársins einkenndust að miklu leyti af vinnustofum tengdu því að undirbúa starfsmannahópinn fyrir innleiðingu flæðis (*e. flow state*) í starf okkar frá hausti 2025 sem er nátengt hæglæti. Í stuttu máli snýst flæði um að fólk gleymi stað og stund, því það er upptekið í þeim verkefnum sem það vinnur að. Hlutverk kennara og starfsfólks er að búa börnunum viðeigandi umhverfi með efnivið sem fellur undir áhugasvið þeirra. Upphafismaður hugtaksins er Mihály Csíkszentmihályi sem talinn er einn af frumkvöðlum jákvæðrar sálfræði. Hápunkturinn varðandi undirbúning fyrir innleiðingu flæðis var þegar starfsmannahópurinn fór í vettvangsferð í Borgarnes á starfsdegi í maí 2025 þar sem hópurinn heimsótti leikskólann Ugluklett. Ugluklettur er leikskóli með flæðandi starf sem við lítum upp til og erum að feta okkur nær þeirri hugmyndafræði í starfinu. Skólaárið 2025-2026 verður tileinkað innleiðingu flæðis og er mikil vinna því tengdu framundan.

Deildarstjórar fara á TRAS-réttindanámskeið í upphafi skólaársins, þar sem hluti markmiða okkar fyrir árið er að auka skráningar varðandi þroskafravindu barna og nota í foreldraviðtölum ársins. Við erum heppin að eiga þrjá starfsmenn sem nema leikskólakennarafræði sem er frábær fagleg viðbót við það sem við þá menntun og reynslu sem starfsmannahópurinn býr nú þegar að. Við fáum auk þess til liðs við okkur þrjá nýja kennara á nýju skólaári sem búa yfir þekkingu og reynslu sem við í Borg erum heppin að fá í hópinn. Við í Borg förum vel mönnum inn í haustið þar sem hlutfall starfsmannahóps Borgar í Kennarasambandi Íslands eru 38% og ég er stolt af því að tilheyra hópi einstaklinga sem leggja sig fram hvern einasta dag við að búa börnum hæglátt og farsælt námsumhverfi. Með ósk um farsælt samstarf á komandi ári!

Leikskólastjóri





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

2.1 Innra mat

Umbótaáætlun fyrir skólaárið 2024-2025 samanstóð af eftirfarandi þáttum:

- Stjórnun – Aukin teymisvinna
- Stjórnun – Skólanámskrá
- Uppeldis- og menntastarf – Frjáls og flæðandi leikur
- Mannauður og leikskólabragur – hæglátt og streitulítið starfsumhverfi
- Mannauður og leikskólabragur – Hækka ánægjuskor á starfsandapætti í viðhorfskönnun starfsfólks
- Foreldrasamstarf – Aukið upplýsingaflæði til foreldra

Stjórnun – Aukin teymisvinna	
Hvernig fór matið fram?	Starfsþróunarsamtöl og mat með teyminum á teymisfundum.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats: Nýtt matstofuteymi var stofnað auk lausnateymis. Fjölmennigar- og læsisteymi var endurvakið. Sérkennsluteymi var sömuleiðis sett á laggirnar. Almenn ánægja var með aukna teymisvinnu. Haustið fór kröftuglega af stað með skipulögðum teymisfundum þar sem hvert teymi fundaði einu sinni í viku. Þegar skerðing á þjónustu vegna manneklu hófst komu vikur þar sem teymin funduðu ekki.	Tækifæri til umbóta: Ljóst er að nauðsynlegt er fyrir teymi að funda með reglulegum hætti svo vel gangi og grundvöllur til ígrundunar og þróunar skapist. Við förum reynslunni ríkari inn í skólaárið 2025-2026 þar sem við skipuleggjum teymisfundi reynslunni ríkari frá fyrra ári.

Stjórnun – Skólanámskrá	
Hvernig fór matið fram?	Stjórnendafundir
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur og starfsfólk
Helstu niðurstöður mats: Við höfum gerð nýrrar skólanámskrár með vinnu á starfsdögum þar sem allt starfsfólk kom að. Skólanámskráin hefur ekki verið kláruð þótt vel á veg sé komin.	Tækifæri til umbóta: Við höldum áfram í gerð nýrrar skólanámskrár skólaárið 2025-2026, enda höfum við nýjar áherslur í starfinu okkar sem þarf að endurspegla skólanámskrána okkar.





Uppeldis- og menntastarf – Frjáls og flæðandi leikur

Hvernig fór matið fram?	Deildarfundir, deildarstjórafundir, starfsmannafundir.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur og starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats: Starfsfólk fékk fræðslu um flæði og frjálsan leik á skólaárinu sem skilaði sér í frjálsara umhverfi fyrir leik barna. Meðal annars vegna aukinnar æfingar á notkun matstofu og áherslu á að borða í flæði var leikur barna enn fremur í forgrunni. Starfsfólki var kunnugt um mikilvægi þess að stöðva ekki virkan leik barna að óþörfu til að uppfylla kröfur klukkunnar um ákveðna þætti, eins og að matartímar eigi að vera búnir klukkan eitthvað ákveðið.	Tækifæri til umbóta: Við höldum ótrauð áfram á sömu vegferð og á síðasta skólaári. Við þurfum að rýna í rýmin sem við höfum og skoða hvort matstofan breytist frá núverandi mynd til að styðja við aukið flæði í öllu starfi okkar. Það verður ferli sem við lærum af á meðan við framkvæmum, enda ný skref að stíga fyrir langflest okkar í Borg.

Mannauður og leikskólabragur – hæglátt og streitulítið starfsumhverfi

Hvernig fór matið fram?	Stjórnendafundur, deildarfundir, viðhorfskönnun
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur og starfsfólk
Helstu niðurstöður mats: Starfsfólk og stjórnendur upplifa heilt yfir hæglátara og streituminna starfsumhverfi eftir markvissa vinnu því tengdu á síðasta skólaári. Þó er óhjákvæmilegt að ræða það tímabil þegar við áttum við mikla manneklu að stríða. Mikil streita lagðist á leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra á því tímabili. Þó er ljóst að með erfiðum ákvörðunum um fasta faliðun/þjónustuskerðingu, með hagsmuni barna og starfsfólks í fyrirrúmi út frá öryggis- og álags/heilsusjónarmiðum, skilaði það ánægju starfsfólks og öruggara umhverfi fyrir börnin.	Tækifæri til umbóta: Við erum stolt og ánægð af vinnu þessu tengdu síðasta skólaár. Það er mikilvægt að halda áfram reglubundinni fræðslu um streitustjórnun og mikilvægi ábyrgðar okkar á eigin heilsu, hvort sem er um líkamlega eða geðheilsu. Við sjáum að með aukinni fræðslu og umræðum um gott geðheilbrigði öðlast starfsfólk kjark og þor til að ræða um slík mál og hvað við getum gert til að starfsumhverfið sé eins og best verður á kosið. Þar skiptir streitulítið umhverfi einna mest máli, bæði fyrir starfsfólk og ekki síður börnin.

Mannauður og leikskólabragur – Hækka ánægjuskor á starfsandaþætti í viðhorfskönnun starfsfólks

Hvernig fór matið fram?	Viðhorfskönnun
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats: Í viðhorfskönnun er ljóst að niðurstöður á ánægjuskori höfðu hækkað frá fyrra ári. Þá hækkaði jafnframt sá þáttur sem metur starfsánægju og enn fremur þáttur sem metur stolt starfsfólks af starfsstaðnum sínum.	Tækifæri til umbóta: Starfsánægja er ekki viðfangsefni sem leyst er eitt skipti fyrir öll. Starfsánægja krefst stöðugar ræktunar og markvissrar eftirfylgni til að viðhalda jákvæðri vinnustaðamenningu og starfsanda. Það er því áframhaldandi verkefni að hlúa að starfsfólki og starfsumhverfi.





Foreldrasamstarf – Aukið upplýsingaflæði til foreldra

Hvernig fór matið fram?

Foreldrakönnun og foreldraviðtöl.

Hverjir tóku þátt í matinu?

Foreldrar og deildarstjórar.

Helstu niðurstöður mats:

Deildarstjórar sendu út upplýsingapósta til foreldra vikulega nær allt skólaárið. Byrjað var að notast við Sway þar sem auðvelt er að koma myndum og texta í fréttabréf til foreldra. Heilt yfir gekk vel að senda út slíka pósta og foreldrar ánægðir með það, eins og fram kom í foreldraviðtölum á vorönn og sömuleiðis í opnum svörum úr foreldrakönnun. Hækkun var jafnframt á skori varðandi þætti í foreldrakönnun sem snúa að ánægju foreldra með leikskólann.

Í foreldrakönnun kom fram í einu opnu svari að gæta mætti betur að upplýsingaflæði milli „vakta“ hjá starfsfólki upp á að upplýsingar skiluðu sér til foreldra ef starfsfólk af deild barnsins var búið að vinna þegar barn var sótt.

Foreldri hafði orð á því við leikskólastjóra að vantaði foreldraviðtöl að hausti og þar með skorti vitneskju um daglegt starf.

Tækifæri til umbóta:

Áframhaldandi upplýsingapóstar og myndir verði sendar til foreldra. Við ætlum jafnframt að setja niður foreldraviðtöl að hausti eins og vorin.

Boðið verður upp á foreldrafræðslu um málþroska að hausti 2025 en slíkt var líka gert á vorönn 2025 við mikinn fögnuð foreldra sem mættu.

Foreldrafundur verður að hausti 2025 þar sem kynning á nýrri skólanámskrá verður í forgrunni með nýjum áherslum á flæði í innra starfi okkar.





3 Ytra mat

3.1 Viðhorfskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar


Viðhorfskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar fór fram eins og fyrri ár. Við erum stolt af niðurstöðum könnunarinnar þar sem einkunnir hækka milli ára í helstu þáttum eins og starfsanda, vinnuskilyrði og ánægja og stolt.



Mikil vinna hefur farið fram á skólaárinu varðandi að bæta vinnuskilyrði starfsfólks því ljóst er að slíkt leiðir til meiri starfsánægju og betra námsumhverfis fyrir nemendur í Borg. Þá eru niðurstöður varðandi hæstu einkunnir úr könnuninni jafnframt mikilvægar og þættina má sjá á myndinni hér að neðan.

Leikskólinn Borg

Hæstu 5





Viðhorfskönnun starfsfólks	
Hvernig fór matið fram?	Með rafrænni könnun meðal starfsfólks.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk Borgar
Helstu niðurstöður mats: Hækkun á þáttum sem markvisst var unnið að eins og starfsanda, vinnuskilyrði og ánægja og stolt. Aðrir helstu þættir voru metnir með nánast sömu einkunn og í fyrra. Stjórnunarþáttur lækkaði lítilsháttar og lítið verður til þess í umbótaþætti.	Tækifæri til umbóta: Mikilvægt er að líta til þess að undir stjórnunarþætti fellur hrós til starfsfólks. Sá þáttur lækkaði lítillega og mikilvægt að stjórnendur vinni markvisst að því að auka hrós til starfsfólks þegar vel er unnið. Þar sem við erum á leiðinni í miklar breytingar verður enn mikilvægara að hrósa starfsfólki þegar tilefni er til, þar sem við munum þurfa að hvetja hvert annað í breytingaferlinu.





3.2 Foreldrakönnun

Foreldrakönnun var gerð á fyrstu mánuðum ársins. Foreldrakannanir eru gerðar á tveggja ára fresti og við höfum samanburð á niðurstöðum frá könnun ársins 2023. Niðurstöður könnunarinnar 2025 eru heilt á litið jákvæðar þar sem einkunnir okkar í 13 af 25 matsþáttum hækka. Það er jafnframt jákvætt að í þeim þáttum sem einkunn hækkaði ekki voru þær nánast þær sömu eða að ekki var samanburður frá árinu 2023. Við erum stolt af því að foreldrar meta líðan og öryggi barna sinna í Borg með jákvæðri svörun í 90-95% tilfella, sem er hækking í öllum liðum frá 2023.

Kannanir sem þessar eru gagnlegar í mati stjórnenda á starfinu okkar og niðurstöður allra þátta notaðar til að ígrunda starfið með bætingar að markmiði.

Foreldrakönnun	
Hvernig fór matið fram?	Með rafrænni könnun meðal foreldra.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Foreldrar barna í Borg.
Helstu niðurstöður mats: Hærri einkunnir frá fyrri könnun í flestum þáttum. Þeir þættir sem hækkuðu ekki stóðu í stað eða voru ekki með samanburð frá síðustu könnun fyrir utan einn þátt. Sá þáttur sem lækkaði svo um verður ekki villst er aðgengi að stjórnendum og að þeir séu til staðar í daglegu starfi.	Tækifæri til umbóta: Við lítum svo á að það eru ekki aðeins börnin sem eru að hefja leikskólagöngu eða stunda nám í Borg, heldur fylgja þeim öllum foreldrar og/eða aðrir aðstandendur. Það er mikilvægt að standa vörð um ánægju og öryggistilfinningu foreldra áfram og bæta í þar sem þörf er. Varðandi þann þátt sem bersýnilega þarf að huga að er aðgengi að stjórnendum í daglegu starfi. Við munum bregðast við þessu eins og kostur er, til að mynda með endurskoðun á vinnutímum stjórnenda.





4 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Stjórnun	
Tækifæri til umbóta	Skólanámskrá.
Aðgerðir til umbóta	Klára skólanámskrá Borgar með nýjum áherslum í starfi.
Hver ber ábyrgð?	Leikskólastjóri.
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Október 2025.
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	Stjórnendateymi með samtali og yfirferð vinnuskjala á fundum. Starfsfólk auk þess á starfsmannafundum.
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Að til sé aðgengileg og einföld skólanámskrá Borgar þar sem tilætlaðar upplýsingar koma fram á skýran hátt.

Uppeldis- og menntastarf	
Tækifæri til umbóta	Flæði (e. flow state) í starfi.
Aðgerðir til umbóta	Innleiðing á nýrri hugmyndafræði í innra starfi okkar þar sem börn fá tækifæri til að gleyma stað og stund og sökkva sér ofan í verkefni sem endurspeglar áhugasvið þeirra.
Hver ber ábyrgð?	Stjórnendur og starfsfólk.
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Skólaárið 2025-2026 er ár innleiðingarinnar.
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	Allt starfsfólk metur innleiðingu flæðis með samtölum á deildarfundum og starfsmannafundum. Óskað verður eftir skriflegum gögnum um framgang innleiðingarinnar sem hluti af skráningu um ferlið.
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Að umhverfið í Borg einkennist af þeirri hugmyndafræði að starfsfólk búi börnum það námsumhverfi að geta komist í flæðisástand. Þar ætti hvert og eitt barn að fá tækifæri til að læra í því umhverfi sem endurspeglar áhugasvið þeirra.





Uppeldis- og menntastarf

Tækifæri til umbóta	Skráningar á þroskaframvindu barna og aukin notkun ferilmappa.
Aðgerðir til umbóta	Innleiðing á TRAS skráningum. Nota ferilmöppur fyrir ákveðin verkefni en einnig að hver og ein mappa endurspegli áhugasvið hvers barns.
Hver ber ábyrgð?	Stjórnendur og deildarstjórar.
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Deildarstjórar í Borg sækja TRAS réttindanámskeið haustið 2025. Stefnt er að því að fyrstu foreldraviðtöl sem fara fram í október-nóvember 2025 muni innihalda upplýsingar úr TRAS skráningum og verða sýnilegar foreldrum. Ferilmöppur eru í vinnslu allan þann tíma sem börn dvelja í Borg.
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	Stjórnendur og deildarstjórar meta framgang með samtölum á deildarstjórufundum. Deildarstjórar meta með starfsfólki deilda hvernig ferilmöppuskráningar ganga.
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Að deildarstjórar notist við TRAS skráningar fyrir öll börn og þau gögn séu notuð til einstaklingsmiðaðrar nálgunar og séu sýnileg foreldrum í foreldraviðtölum. Að til séu ferilmöppur fyrir hvert og eitt barn og að í þeim séu verkefni sem endurspeglar áhugasvið þeirra.

Foreldrasamstarf

Tækifæri til umbóta	Foreldraviðtöl skipulögð bæði á haust- og vorönn. Þar verði foreldrum sýnileg gögn um þroskaframvindu barna sinna sem aðalgögn (TRAS skráningar).
Aðgerðir til umbóta	Deildarstjórar notist við TRAS skráningu fyrir öll börn. Gögn úr þeim skráningum eru notuð í foreldraviðtölum tvisvar á skólaári.
Hver ber ábyrgð?	Aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar.
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Skólaárið 2025-2026.
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	Stjórnendur, deildarstjórar og foreldrar meta. Stjórnendateymi metur á deildarstjórufundum með samtali. Foreldrar meta í foreldraviðtölum og svo í foreldrakönnun þegar næsta könnun verður send út til foreldra.
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Að foreldrar fái upplýsingar um þroskaframvindu barna sinna og nánari upplýsingar í skipulögðum einstaklingsviðtölum við deildarstjóra.





Mannauður og leikskólabragur	
Tækifæri til umbóta	Áframhaldandi hæglátt starfsumhverfi í innleiðingaferli flæðis.
Aðgerðir til umbóta	Að starfsfólk viðhaldi þekkingu á hæglátu starfsumhverfi í breyttum starfsaðstæðum, þar sem flæði verður innleitt í starfið. Breytingar á starfsaðferðum munu óhjákvæmilega leiða af sér óöryggi á einhverjum tímapunkti meðal starfsfólks. Við ætlum að nota þekkingu sem við höfum öðlast á síðasta skólaári til að halda hæglátu starfsumhverfi. Auk þess að viðhalda fræðslufyrirkomulagi skólaársins með hæglæti og mikilvægi þess ofarlega á forgangslista.
Hver ber ábyrgð?	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar.
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Skólaárið 2025-2026.
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	Stjórnendur og starfsfólk metur með samtölum á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsmannafundum. Jafnframt varpar viðhorfsskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar ljósi á upplifun starfsfólks þessu tengdu.
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Að starfsfólk upplifi streitulítið starfsumhverfi þar sem jafnvægi milli vinnu og einkalífs er meðal annars metið viðunandi. Að starfsfólk upplifi og framkvæmi breytingar ef þörf þykir þar sem við verðum að þróa starfsaðferðir okkar tengdu flæði á næstu mánuðum eða árum.





5 Innra mat deilda 2024-2025

5.1 Innra mat Lóuholts 2024-2025

Veturinn 2024 – 2025 vorum við með 16 börn á Lóuholti, fædd 2022 og 2023. Það voru fjórir til fimm starfsmenn á deildinni yfir skólaárið. Aðlögun var örlítið öðruvísi en áður en við tókum börnin fyrir í aðlögun vegna breytinga á tímasetningu sem elstu börn hættu í Borg. Þau börn sem fluttust yfir á Spóaholt fóru í júní. Þetta fyrirkomulag fannst okkur ganga mjög vel þegar við lögðum mat á. Við vorum með örlitlar áhyggjur af þeim börnum sem komu ný inn í júní, þ.e.a.s. upp á hvort það yrði óöryggi þegar þau með þau kæmu til baka eftir sumarfrí og þyrftu aðlögun upp á nýtt. Svo var ekki, börnin voru meira en til í að koma aftur eftir frí og þurftu foreldrar ekki að vera með þeim inni á deild. Aðlögunin yfir á Spóaholt gekk mjög vel, einnig hjá börnum og foreldrum sem komu til okkur á Lóuholt. Allt skipulag byrjaði í september eða þegar öll börnin höfðu öðlast öryggi hjá okkur á Lóuholti. Okkar skipulag þennan vetur gekk mjög vel að mati starfsmanna, fyrir utan tímabil þar sem um fasta faliðun var að ræða en gekk allt eins og í sögu með góðri samvinnu yfirmanna og heimila.

Við vorum með vikuskipulag sem unnið var að mestu fyrir hádegi en þá hafa börnin mestu polinmæðina og athygli. Vikuskipulagið var skipt á vikudagana fimm sem fól í sér, hreyfingu, málörvun, lestrastundir, listsköpun, sjálfsefningu, liti, tölustafi, hugtök, hljóðkerfisvitund í gengum „**Lubbi finnur málbein**“, útiveru, frjálsleikur, flæði og söngstundir. Í skipulögðu stundunum skiptum við börnunum í fjóra hópa til að ná sem best til hvers og eins barns. Við unnum einnig með „**Ég sjálfur og fjölskyldan mín**“ en þá förum við yfir líkamsparta og ræðum um hvað þau heita og hver er í fjölskyldunni og hvar við eigum heima. Út frá því verkefni teikna þau sjálfsmynd og mynd af fjölskyldunni. Við lögðum mikla áherslu á vinnustundir með **Lubbi finnur málbein** sem snúast um málhljóð hvers stafs fyrir sig. Það voru faglegar stundir þar sem allskonar verkefni tengd málhljóði vikunnar voru unnin. Þegar leið á skólaárið voru börnin farin að bíða eftir Lubba stund í hverri viku. Við sáum miklar framfarir hjá börnunum í málhljóðum.

Einnig var mikil áhersla á **Blæ** hjá okkur en Blær er vináttubangsinn okkar í Borg. Í þeim stundum var farið inn í sal og í þau verkefni sem fylgja í Blæ. Þar eru meðal annars tilfinningaplaggöt sem eru lesin og kennsluefnið snýst um vináttu, hvernig við komum fram við hvort annað og fleira tengt því.

Flæðið sem við förum í á föstudögum hefur verið með fjölbreyttum stöðvum í vetur. Við höfum haft holukubba í salnum, hreyfingu, listsköpun, málörvun, dans, tónlist, andlistmálningu, útiveru svo dæmi séu nefnd. Við á Lóuholti förum mjög rólega af stað til að byrja með í vetur í



flæðinu en eftir áramót höfum við tekið þátt alla föstudaga, enda börnin haft gaman af og þroskast mikið yfir veturinn sem sést meðal annars bersýnilega í flæðinu.

Mikil gleði, nánd og lærdómur hefur einkennt Lóuholt í vetur og erum við afar stolt og ánægð með samvinnu barna og foreldra hjá okkur.

5.2 Innra mat Spóaholts 2024-2025

Veturinn 2024-2025 voru 18 (17 seinni hluta skólaársins) börn á Spóaholti, þrír árgangar 2020 og 2021 og 2022. Mikil fjölmennning er í leikskólanum Borg, bæði í barnahópnum og starfsmannahópnum. Það eru sjö mismunandi móðurmál í barnahópnum og þrjú móðurmál í starfsmannahópnum. Veturinn hefur verið góður þrátt fyrir ýmsar breytingar í starfsmannahópnum. Deildarstjóri fór í deildarstjórn á annarri deild og var aðstoðarleikskólastjóri með yfirumsjón deildar frá aprílmánuði. Annars voru starfsmenn heilt yfir í vetur 6 og þar af voru 2,5 stöðugildi í stuðning. Samheldni í starfsmannahópnum einkenndi starfið í vetur og gekk vel að skipta á milli sín verkum. Starfsfólk hefur haft orð á því hvað veturinn gekk vel og þar er samvinna og góð samskipti í lykilhlutverki. Það var margt sem gekk vel í vetur og alltaf má gott bæta. Það sem gekk vel voru Lubba stundirnar og mikið hæglæti, þ.e. að minnka skipulagðar stundir sem eru stýrðar af klukkunni og leyfa börnunum þess í stað að staldra lengur við í leik, án truflunar. Í vetur hafa föstudagar verið tileinkaðir föstudagsflæði þar sem börnin fá að flæða um allan leikskólann á mismunandi stöðvum. Það er einskonar stöðvavinna sem við ætlum að þróa áfram næsta vetur og færa lengra, nær fræðilega hugtakinu flæði (e. flow state). Á stöðvunum var margt í boði og það unnið út frá áhugasviði bæði barna og starfsfólks. Þar má nefna holukubba í sal, tónlist og dans, listsköpun og föndur með opnum efnivið, málörvun, andlitsmálning, útivera og margt fleira.

Í umbótaáætlun frá því í fyrra var fjallað um hæglæti, Lubba, flæði og málörvun. Lubbi gekk vel og málörvun líka. Málörvun á sér stað í öllu daglegu starfi leikskólans og það verður áfram þannig fyrir næsta skólaár. Hæglæti og flæði verður áfram á umbótaáætlun skólans í heild fyrir næsta skólaár, ásamt skráningum og ferilmöppum.

5.3 Innra mat Krummaholts 2024-2025

Börn og starfsmenn: Skólaárið 2024-2025 voru 18 börn á Krummaholti. Mikil fjölmennning er í barnahópnum á Krummaholti og undir lok skólaársins voru níu börn sem höfðu annað móðurmál en íslensku og átta börn sem höfðu íslensku sem móðurmál. Í haust voru fimm starfsmenn í fullu starfi á Krummaholti, þar af sinntu tveir starfsmenn stuðning.

Daglegt starf: Hópastarfið gekk upp og ofan hjá okkur á Krummaholti þetta skólaárið. Um nokkurt skeið var töluverð faliðun í gangi í Borg sem hafði áhrif á skipulagt hópastarf út frá lokunum á



deildum. Alla jafna hefur börnunum verið skipt reglulega í fámenna hópa, bæði í leik og verkefnavinnu. Börnin hafa unnið ýmis verkefni um máhljóðin í Lubbi finnur málbein, farið í Orðahljóð, Orðagull, Talnaland o.fl. Í Lubbi finnur málbein er máhljóð vikunnar yfirleitt kynnt til leiks á mánudegi, við hlustum á sögu tengda máhljóðinu, lag máhljóðsins er sungið, fundin eru orð sem byrja á máhljóðinu og að lokum eru klöppuð atkvæði. Þetta er yfirleitt gert jafnt og þétt yfir alla vikuna. Þar sem mikill fjölbreytileiki er í nemendahópnum hjá okkur hefur málörvun verið í forgrunni, bæði inni á deild og í sérstökum málörvunartímum. Því tengdu er ýmist notast við lestur, sögur, spil, leiki, söng eða almennt spjall. Við höfum einnig notast við Blæ-stundir vikulega hjá okkur með einhverjum undantekningum þó. Við leggjum annars mikið upp úr frjálsum leik og munum gera það áfram. Börnin hafa verið dugleg að fara í göngutúra og strætóferðir þetta skólaárið.

Á Krummaholti í ár höfum við lagt sérstaka áherslu á fræðslu um líkamann, einkasvæði og mörk. Börnin fengu að kynnst eigin líkama á jákvæðan og uppbyggilegan hátt, lærðu um það sem telst einkasvæði og hversu mikilvægt það er að virða mörk sín og annarra. Við ræddum hvernig maður getur sagt „nei“, hvernig maður á rétt á að láta vita ef eitthvað er óþægilegt, og hvernig góð samskipti byggjast á virðingu og trausti.

Við höldum einnig áfram með innleiðingu á flæði á föstudögum. Verkefnið gekk ótrúlega vel og bæði börnin og starfsfólkið voru mjög ánægð með þessa tilbreytingu. Flæðið skapaði rólegt og skapandi andrúmsloft þar sem börnin fengu aukið frelsi til að velja sér viðfangsefni og leiksvæði sem hentaði þeim. Þannig gátu þau sokkið sér ofan í leik og unnið út frá eigin áhuga og þörfum. Það var afar dýrmætt að fá að þróa þetta í litlum skrefum, þar sem markmiðið er að flæðið verði fastur hluti af daglegu starfi í haust. Á næsta skólaári er flæði (e. flow state) stærsti hluti umbótastarfs okkar og skólans í heild þar sem flæðandi starf verður innleitt meira í starf okkar.

Viðburðir: Það hefur verið mikið að gera hjá okkur á Krummaholti þetta skólaárið. Skólahópur hefur farið í margar heimsóknir í Breiðholtsskóla og kynnst skólanum og starfinu þar. Börnin hafa m.a. leikið með krökkunum í frímínútum, farið á bókasafnið, tekið þátt í íþróttatíma, verið með í kennslustund, borðað í matartímanum og farið í Bakkasel. Þau tóku einnig þátt í vorskóla Breiðholtsskóla með krökkunum úr Bakkaborg og Fálkaborg (hin starfsstöð Borgar). Þau hafa því fengið að kynnst því vel hvernig það er að vera í grunnskóla og eru meira en tilbúin fyrir komandi tíma.

Ýmsir aðrir viðburðir hafa verið á sínum stað. Við höldum öskudagsball, mættum í sitthvorum sokknum á degi sem er tileinkaður einstaklingum með Downs heilkenni, mættum glitrandi á degi einstakra barna og börnin fengu að koma með dót að heiman á dótadegi. Börnin hafa einnig farið í heimsóknir á Þjóðminjasafnið, í Þjóðleikhúsið og séð sýninguna Ofurhetjumúsín í Borgarleikhúsinu. Slökkviliðið kom síðan í sína árlegu heimsókn til elstu barnanna. Hið árlega Hörpu verkefni var í lok



apríl, en það verkefni tengist barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar. Í ár hét verkið Leikur að orðum og fluttu börnin lög eftir Braga Valdimar Skúlason. Skólahópur hefur einnig verið að fara í íþróttatíma vikulega í vetur í íþróttahúsi Breiðholtsskóla.

5.4 Innra mat Arnarholts 2024-2025

Veturinn 2024-2025 voru 16 börn á Arnarholti, fædd árin 2022 og 2023. Mörg þeirra eru með fjölbreyttan tungumálabakgrunn. Yfir veturinn var barnahópurinn með átta mismunandi móðurmál og þrjú móðurmál í starfsmannahópnum. Skólaárið gekk mjög vel þrátt fyrir ýmsar breytingar í starfsmannahópnum. Deildarstjóri fór í leyfi og var aðstoðarleikskólalastjóri með yfirumsjón deildar frá aprílmánuði. Starfsmenn á deildinni voru fjórir til fimm yfir daginn.

Á Arnarholti eru börnin að stíga sín fyrstu skref í leikskólalífínu og eru markmiðin okkar fyrst og fremst að þau öðlist öryggi í leikskólanum og líði vel yfir daginn. Útivera er mikilvægur liður í okkar starfi og að börnin læri að njóta sín í útveru í alls konar veðri. Markmiðið yfir veturinn er að fara í stuttar gönguferðir út fyrir skólalóðina til þess að kenna börnunum að fylgja hópnum og þekkja nærumhverfið sitt. Það var farið í útveru daglega og markmiðið var að það séu fá börn í einu í fataklefanum. Það eflir sjálfshjálp hjá börnunum að fá tíma og rými til að æfa sig sjálf og gefur margvísleg námstækifæri, meðal annars með málörvun í fyrirrúmi.

Við reynum að nýta öll tækifæri í daglegu starfi til þess að efla orðaforða barnanna og gerum við það með því að setja orð á allar athafnir þeirra. Við nýtum allar stundir eins og matartíma, bleyjuskípti, fataklefa og í leik að tala við börnin. Einnig erum við mjög dugleg að syngja í samverustundum, lærum Lubba lögin og höfum verið að lesa fyrir börnin í litlum lestrarhópum. Við höfum verið að leggja áherslu á hæglæti í starfinu hjá okkur með því að leyfa þeim að staldra lengur við í leik og tökum því rólega þegar við skiptum yfir úr einu í annað. Á föstudögum höfum við verið að fara á milli deilda í stöðvarvinnu og munum við leggja meiri áherslu á það næsta vetur. Það hefur verið mikil samvinna á milli Arnar- og Fálkaholts og það mun halda áfram í enn meiri mæli á næsta skólaári sem hluti af innleiðingu á flæði (e. flow state) í starfið. Í lok veturs var hvíldin sameinuð á milli deildanna og hefur það gengið mjög vel. Við færðum morgunmatinn inn á deild en börnin borða hádegismat og kaffitíma í flæði.

Í umbótaáætlun frá því í fyrra var fjallað um hæglæti, Lubba, flæði og málörvun. Málörvun hefur gengið mjög vel en mættum leggja meiri áherslu á Lubba með því að auka þekkingu fleira starfsfólks á kennsluefninu Lubbi finnur málbein. Flæði verður áfram á umbótaáætlun og einnig munum við leggja meiri áherslu á uppeldisskráningar og ferilmöppur og ætlum að byrja á skráningu á þroskaframvindu barnanna með TRAS-skráningum. Einnig ætlum við að leggja áherslu á að nota



sjónrænt dagskipulag sem við höfum í bandi til þess að sýna börnunum sjónrænt aðstæður og athafnir í daglegu starfi.

5.5 Innra mat Fálkaholts 2024-2025

Veturinn 2024-2025 var fjöldi barna á Fálkaholti 21. Þau skiptust í tvo árganga 2021 og 2022. Mikil fjölmennning er í leikskólanum Borg, bæði í barnahópnum og starfsmannahópnum. Í barnahópnum á Fálkaholti eru töluð fjórtán mismunandi heimamál (móðumál) og þrjú mismunandi heimamál (móðurmál) í starfsmannahópnum. Á Fálkaholti voru fimm starfsmenn þar af einn starfsmaður í sérkennslu. Nýr deildarstjóri tók við á Fálkaholti í byrjun apríl 2025 sem var áður staðsettur á hinni starfstöð Borgar og starfaði þar einnig sem deildarstjóri miðdeildar. Fálkaholt hafði skort skipulag með reyndan deildarstjóra í fararbroddi og hófst endurskipulagning deildarinnar á vormánuðum 2025.

Á Fálkaholti var farið í hópastarf með námsefnið Lubbi finnur málbein og sömuleiðis í lestur í litlum hópum og ferðir út fyrir garðinn. Áhersla var lögð á að börnunum væri skipt upp í litla hópa í sem flestum athöfnum sem gekk oftast en ekki ágætlega. Sérstaklega var áhersla lögð á fámenna hópa í fataklefa og starfi inni á deild. Í því umhverfi skapast ákjósanlegri námstækifæri þar sem börnunum er gefið aukið rými og aukinn tími til að efla sjálfshjálp og sjálfstæði.

Morgunmatur barnanna var færður inn á deild til að skapa meiri ró á þeim tíma dags en hádegismatur og síðdegishressing eru enn í matsalnum og borðað í flæði.

Á föstudögum er samsöngur og þá hittast allar deildar saman og syngja. Í kjölfarið fara börnin í flæði þar sem allskonar stöðvar með mismunandi efnivið og áherslum í boði. Þessar stundir hafa komið einstaklega vel út. Skólinn í heild mun vinna að innleiðingu flæðis (e. flow state) út frá fræðilegri kenningu um flæði og halda áfram að vinna með hæglæti í umhverfinu. Leikurinn er okkar helsta leið til þess að börnin læri á lífið enda mjög mikill lærdómur sem fer fram í gegnum leikinn. Einblínt verður á að börn upplifi flæðisástand þar sem þau fá tækifæri til að gleyma stað og stund og læra í því umhverfi sem endurspeglar áhugasvið þeirra.

Í haust mun deildarstjóri Fálkaholts einnig taka við deildarstjórn á Arnarholti og munu deildarnar því að hluta til vera sem ein heild. Í haust fara allir deildarstjórar á TRAS námskeið sem er matstæki á málproska barna tveggja til fimm ára.

5.6 Innra mat Ugluholts 2024-2025

Börn og starfsmenn: Skólaárið 2024-2025 voru 22 börn á Ugluholti í árgöngum 2019-2021. Mikil fjölmennning er í barnahópnum á Ugluholti og undir lok skólaársins voru þrettán börn sem höfðu





annað móðurmál en íslensku, þrjú tvítyngd börn og átta börn sem höfðu íslensku sem móðurmál. Í haust voru fimm starfsmenn í fullu starfi á Ugluholti þar af sinntu tveir starfsmenn stuðningi. Í byrjun apríl hóf nýr deildarstjóri störf á Ugluholti. Seinna um vorið bættist síðan við einn starfsmaður í hlutastarfi og var starfsfólk á Ugluholti í lok skólaárs því sex talsins, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi.

Daglegt starf: Hópastarfið hefur gengið misjafnlega á Ugluholti þetta skólaárið enda kom tímabil þar sem grípa þurfti til skerðingar á þjónustu/lokun deilda vegna manneklu. Þegar það tímabil var yfirstaðið hefur börnunum verið skipt reglulega í hópa, bæði í leik til að auka leikrými allra og í verkefnavinnu. Börnin hafa unnið ýmis verkefni um máhljóðin í Lubbi finnur málbein, farið í Orðahljóð, Orðagull, Talnaland o.fl. Í Lubbi finnur málbein er máhljóð vikunnar yfirleitt kynnt til leiks á mánudegi, við hlustum á söguna, lagið er sungið, fundin eru orð sem byrja á máhljóðinu og að lokum eru klöppuð atkvæði. Þetta er yfirleitt gert jafnt og þétt yfir alla vikuna. Þar sem mikill fjölbreytileiki er í nemendahópnum hjá okkur hefur málörvun verið í forgrunni hjá okkur, bæði inni á deild og í sérstökum málörvunartímum. Þá er ýmist notast við lestur, sögur, spil, leiki, söng eða almennt spjall. Við höfum einnig reynt að hafa Blæ stundir vikulega hjá okkur. Annars leggjum við mikið upp úr frjálsum leik og flæði og munum gera það áfram. Krakkarnir hafa líka verið dugleg að fara í göngutúra.

Morgunmaturinn var borinn fram í matsal en í apríl var því breytt og er morgunverður nú borinn fram inni á deildum. Hádegisverður og síðdegiskaffi eru hins vegar enn borin fram í matsal og borða börnin þar í flæði. Þessi breyting hefur reynst jákvæð, þar sem börnin mæta á mismunandi tímum að morgni og hentar því betur að þau geti gengið inn á deildina í rólegheitum, sest að borðinu og fengið sér morgunverð þegar þau eru tilbúin. Þetta stuðlar að rólegri og einstaklingsmiðaðri byrjun á deginum. Hádegismatur og kaffitími fara áfram fram í matsalnum, þar sem aðstæður eru sérstaklega hentugar fyrir hlaðborð. Börnin eru þar hvött til að smakka fjölbreyttan mat, skammta sér sjálf og taka þátt í matarvenjum sem stuðla að sjálfstæði. Þetta hefur gengið rosalega vel og er skemmtilegt að hafa flæðandi matartíma.

Við á Ugluholti höfum í ár lagt ríka áherslu á að efla samskiptafærni barna, með áherslu á jákvæð samskipti, reglur í leikskólanum og að nýta orð til að setja mörk í leik og samveru. Við höfum komið á skipulagi innan deildarinnar sem styður við reglur og sjálfstæði barnanna. Þar má nefna að þau stimpla sig sjálf inn og út í leikskólann, merkja þegar þau hafa lokið við að borða, og fylgja mynðrænum reglum í samverustund, matsal, fataklefa og inni á deild.

Við höfum haldið áfram með flæði á föstudögum. Verkefnið gekk ótrúlega vel og bæði börnin og starfsfólkið voru mjög ánægð með þessa tilbreytingu. Flæðið skapaði rólegt og skapandi andrúmsloft þar sem börnin fengu aukið frelsi til að velja sér viðfangsefni og leiksvæði sem hentaði þeim. Þannig gátu þau sokkið sér ofan í leik og unnið út frá eigin áhuga og þörfum. Það var afar





dýrmætt að fá að þróa þetta í litlum skrefum, þar sem markmiðið er að flæðið verði fastur hluti af daglegu starfi í haust.

Viðburðir: Skólaárið á Ugluholti hefur verið viðburðaríkt og líflegt. Skólahópurinn hefur heimsótt Breiðholtsskóla við nokkur tilefni og kynnt sér starfsemina þar. Börnin hafa þá m.a. leikið með krökkunum í frímínútum, farið á bókasafnið, tekið þátt í íþróttatíma, verið með í kennslustund, borðað í matartímanum og farið í Bakkasel. Þau tóku einnig þátt í vorskóla Breiðholtsskóla með krökkunum úr Bakkaborg og Arnarborg (hin starfsstöð Borgar). Þau hafa öðlast dýrmæta reynslu og eru vel í stakk búin fyrir næstu skref í námi og þroska.

Ýmsir aðrir viðburðir hafa verið á sínum stað. Við höldum öskudagsball, gulan dag þar sem börn og starfsfólk klæddust gulum fatnaði og með inni og úti dótadag þar sem börnin fengu að koma með dót að heiman í leikskólann. Börnin hafa einnig farið í heimsókn í Þjóðleikhúsið og séð sýninguna Ofurhetjumúsina í Borgarleikhúsinu. Slökkviliðið kom síðan í sína árlegu heimsókn til elstu barnanna. Hið árlega Hörpu verkefni var í lok apríl, en það verkefni tengist barnamennningarhátíð Reykjavíkurborgar. Í ár hét verkið Leikur að orðum og fluttu börnin lög eftir Braga Valdimar Skúlason. Skólahópur hefur einnig verið að fara í íþróttatíma vikulega í allan vetur.





6 Innra mat sérkennslu

Haustið 2024 voru níu börn í Borg með stuðning, ýmist sem snemmtæka íhlutun eða úr 1. flokk. Alls voru átta starfsmenn sem sinntu sérkennslu í leikskólanum í fullu starfi eða að hluta.

Skipulagning sérkennslu.	
Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?	Sérkennslan í Borg er skipulögð með þarfir og styrkleika hvers og eins barns að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að öll börn séu þátttakendur í starfi á deildinni sinni samhliða einstaklingsþjálfun í vinnustundum eftir því sem við á. Þjálfun fer þannig að miklu leiti fram á deildum í gegnum leiki og daglegar athafnir. Einstaklingskennsla var skráð og haldið utan um framfarir með einstaklingsnámskrá eða dagbókum og gerðar voru námskrár fyrir þau börn sem voru með sérstaka aðkomu. Sértek málörvun og þjálfun hljóðkerfisvitundar í kjölfar skimunar á málproska/hljóðkerfisvitund fór að einhverju leiti fram í litlum hópum eða einstaklingsþjálfun.
Hvaða matsgögn voru notuð?	Þau matsgögn sem notuð voru í vetur voru AEPS I og II, EFI-2 og HLJÓM-2. Einnig fengu foreldrar Smábarnalistann og Íslenska þroskalistann til útfyllingar eftir þörfum. HLJÓM-2 var lagt fyrir öll börn í elsta árgangi að hausti. Þau börn sem voru með slaka færni voru prófuð aftur í febrúar/mars. EFI-2 var lagt fyrir öll börn á þriðja ári.
Hvaða námsefni var notað?	Mynda og orðspjöldin - Orð eru ævintýri voru notuð. Einnig var notast við efni úr smíðju Lubba sem finnur málbein. Spilin frá Orchard og Nathan eru mjög vinsæl og keypt voru leikföng og púsl frá ABC Skólavörum til að vinna með fínhyrfingar. Einnig eru notuð verkefni sem búinn voru til af sérkennurum.





6.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2025-2026

Umbótaþáttur: Sérkennsluteymi	
Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Efla sérkennsluteymi í hvoru húsi fyrir sig með aukinni teymisvinnu þvert á deildir/börn sem njóta sérkennslu. Stefnt er að því að aðkoma alls starfsfólk að börnum sem njóta stuðnings verði aukin og að einstaklingsþjálfun og/eða þjálfun í hóp frá sérkennurum verði markvissari. Samræma form einstaklingsáætlana fyrir öll börn í sérkennslu.
Hvernig á að framkvæma það?	Starfandi sérkennslustjóri verður í hvoru húsi og sér um skipulagningu og framkvæmd sérkennslu í því húsi sem þeir hafa meginstarfsstöð.
Hver er ábyrgðaraðili?	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar og sérkennslustjórar.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Umbótavinna hefst við upphaf skólaársins í ágúst 2025. Skólaárið verður tilraunaár á nýju fyrirkomulagi teymissérkennslu.
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaþáttinn?	Stjórnendur auk deildarstjóra, sérkennslustjóra og sérkennara munu meta umbótaþáttinn með reglulegum teymisfundum.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Einstaklingsnámskrár fyrir börn séu einfaldar og aðgengilegar öllu starfsfólki. Einstaklingsmiðaður stuðningur við börn sé öllu starfsfólki eðlislægur enda hafi þeir vitneskju um markmið hvers barns með tilkomu aukins aðgengi að sérkennslustjóra.

Umbótaþáttur: Skráningar	
Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Gerð einstaklingsnámskráa út frá matslista (AEPS fyrst og fremst) með reglulegum uppfærslum út frá mati.
Hvernig á að framkvæma það?	Fylla út í matslista og setja fram markmið út frá niðurstöðum.
Hver er ábyrgðaraðili?	Sérkennslustjóri og sérkennarar.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025-2026.
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaþáttinn?	Sérkennslustjóri metur um miðbik og í lok skólaárs ásamt sérkennsluteymi og stjórnendum hvernig fyrirkomulagið gekk með samtali á teymisfundum sérkennsluteymis.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Að til séu aðgengilegir og útfylltir matslistar sem notaðir eru til útfyllingar einstaklingsnámskráa.





7 Innra mat – Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

7.1 Umbótaáætlun - Fjöltyngi 2025-2026

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála - og menningarbakgrunn 2024-2025	
Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngra barna ráðstafað?	Greiðsla launa fyrir stöðugildi sem sinnir sértækri málörvun og kaup á efnivið og fræðslu/námskeiðum fyrir starfsfólk.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Já, út frá orðalistum frá MMS sem og út frá bókinni Orð eru ævintýri ásamt fleiri aðferðum. Á skólaárinu 2024-2025 voru útbúnar kippur fyrir börn og starfsfólk með myndum af einföldum athöfnum og öðru sem við notum dagsdaglega. Markmiðið með því var að börn sem hafa litla kunnáttu í íslensku gætu með auðveldari hætti skilið hvað starfsfólk væri að tala um, einnig að börnin gætu gert sig skiljanleg með myndum. Áhersla verður lögð á að hafa sjónrænt skipulag aðgengilegt börnum og starfsfólki.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Áhersla lögð á lestur í fámennum hópum til að auka og dýpa orðaforða barnanna. Einnig áhersla lögð á að nota óformlegar kennslustundir eins og tíma í fataklefa og í matartímum til ríkulegrar málörvunar.
Er fylgst með framförum fjöltyngra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfniramar hafa verið kynntir í fjölmennningar- og læsisteymi Borgar en ekki verið teknir í notkun með formlegum hætti. Á skólaárinu 2025-2026 verða hæfnirammarnir skoðaðir nánar og teknir í notkun. EFI-2 og HLJÓM-2 eru lögð fyrir börn í Borg. Út frá niðurstöðum er gerð áætlun um sértæka málörvun fyrir börn sem koma slök út úr þeim skimunum.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, Lesið í leik, varðandi málproska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já.





Umbótaþáttur: Skráningar	
Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Innleiðing á notkun matstækisins „Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla“.
Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla fyrir starfsfólk um hæfniramma og hvernig þeir eru notaðir.
Hver er ábyrgðaraðili?	Aðstoðarleikskólastjórar, tengiliðir fjölmennningar og starfsfólk í sértækri málörvun.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2025-2026.
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaþáttinn?	Aðstoðarleikskólastjórar og starfsfólks sem sinnir sértækri málörvun meta hvernig innleiðing og notkun gengur á reglulegum fjölmennningar- og læsisteymisfundum.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Að hæfniramar fyrir öll fjöltyngd börn séu útfylltir eins og leiðbeiningar segja til um. Séu börn metin svo að þau uppfylli ekki ákjósanlega hæfni miðað við hæfniramma er sett upp einstaklingsáætlun með sértæka málörvun að leiðarljósi.

8 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Starfsmannasamtöl fóru fram á vormánuðum 2025. Starfsfólk var auk hefðbundinna spurninga um líðan í starfi spurt út í starfsdaga síðasta árs og hvaða skoðun það hafði á þeim. Jafnframt var óskað eftir að starfsfólk greindi frá því hvaða fræðslu og endurmenntun það teldi að myndi nýtast sér á komandi skólaári og einnig út frá samstarfshópnum sem heild. Fræðsla og endurmenntun á komandi skólaári verður skipulögð með þær hugmyndir að leiðarljósi, auk umbótaþáttanna sem að stærstum hluta tengjast innleiðingu á flæði.

Ljóst var út frá starfsmannasamtölum að mikill áhugi er fyrir því að fá fræðslu tengda taugabroskaröskunum, svo sem einhverfu og ADHD. Sá áhugi starfsfólks var með það að markmiði að fræðast um hvernig það getur mætt þörfum barna sem hafa annað hvort hlotið greiningu á slíkum röskunum eða sýna einkenni þeirra. Starfsfólk var jafnframt ánægt með fræðslu um geðheilbrigði, streitu og ábyrgð og óskaði eftir áframhaldandi fræðslu því tengdu. Því verður fræðsludagskrá skólaársins 2025-2026 með þessi atriði að leiðarljósi:

- Flæði (e. flow state) út frá kenningu Mihály Csíkszentmihályi og tenging við leikskólastarf og jákvæða sálfræði.
- Hæglæti og mikilvægi streitustjórnunar og ábyrgðar hvers og eins á eigin heilsu, þar sem andleg heilsa er í forgrunni.





- Taugaþroskaraskanir og hvernig er áhrifaríkast að nálgast kennslu barna sem sýna einkenni eða hafa fengið greiningu á slíkum röskunum.

Lagt er upp með að allir starfsdagar og starfsmannafundir á skólaárinu 2025-2026 fari að hluta til eða öllu leyti í fræðslu og/eða vinnustofur tengdum þessum þáttum.

9 Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvastutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Leikskólinn Borg hefur lengi verið í góðu samstarfi við grunnskólann í hverfinu, Breiðholtsskóla og frístundarheimilið Bakkasel. Til er skipulag yfir samstarfið sem unnið er eftir allt skólaárið. Sérstaklega eru það elstu börnin í Borg hverju sinni sem eru í mestu samstarfi við Breiðholtsskóla og Bakkasel. Sérlega vinsælt er meðal elstu barna að fara einu sinni í viku í íþróttahús Breiðholtsskóla. Við höfum einnig fengið nemendur úr Breiðholtsskóla í leikskóla-vali til okkar, þar sem þeir kynnast því að starfa í leikskóla. Samstarfsáætlunin er skoðuð í upphafi hvers skólaárs og metið hvort eigi að breyta henni. Slíkt hið sama verður gert fyrir skólaárið 2025-2026.

10 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er einn af stóru þáttunum í farsælu leikskólastarfi, þar sem hagsmunir barnanna í Borg eru framar öllu. Í starfsáætlun síðasta skólaárs var lagt upp með að auka foreldrasamvinnu, til að mynda með rafrænum ör-könnunum til foreldra en það fyrirkomulag lét í lægra haldi fyrir skipulagðri faliðun og skerðingar á þjónustu á haustönn. Undir það féll einnig skipulagt fjölskyldukaffi í desember 2024.

Á komandi skólaári er lagt upp með fasta liði í foreldrasamvinnu þar sem helst má nefna foreldrafundi að hausti, fjölskyldukaffi einu sinni á önn, foreldraviðtöl tvisvar sinnum yfir skólaárið og svo öðrum viðburðum sem foreldrafélag Borgar stendur fyrir. Þann 1. júlí 2026 verður leikskólinn Borg 15 ára og til stendur að halda afmælisveislu, Borg til heiðurs og sameina sumarhátíð og afmælishátíð. Auk þessara föstu liða í samstarfi heimilis og leikskóla hafa viðtöl við foreldra barna sem hefja leikskólagöngu haustið 2025 farið fram í flestum tilfellum. Örfá börn og fjölskyldur eru annað hvort búsett erlendis þar til seinna í sumar eða voru farin í frí þegar boðað var í viðtal. Þau viðtöl eru því á dagskrá í ágúst. Það eru viðtöl sem gefa foreldrum tækifæri á að kynnast stjórnendum og deildarstjóra viðkomandi deildar áður en aðlögun hefst. Það er áhersla hjá okkur í Borg lögð á að





foreldrar eru ávallt velkomnir til okkar, hvort sem þeir hafi ábendingar um starf okkar, óska eftir ráðleggingum eða hvað sem er. Við höfum greint foreldrum frá því í fyrsta viðtali að við búum yfir fjölbreyttum verkfærum sem foreldrar gætu þurft á að halda. Ef við höfum þau ekki, aðstoðum við foreldra eftir bestu getu áleiðis.

Á vorönn 2025 voru haldnir fræðslufundir í samstarfi við Suðurmiðstöð og Miðju máls og læsis fyrir foreldra um málþroska og mikilvægi hans við mikla ánægju þeirra foreldra sem sóttu fræðsluna. Til stendur að halda slíka fræðslufundi aftur en þó með breyttu sniði. Að öllum líkindum verður fyrirkomulagið slíkt að sameina fræðsluna fyrir foreldra í leikskólum í Breiðholti. Það verður auglýst þegar nær dregur hausti og fyrir liggur um framkvæmd fræðslunnar.

11 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaársins 2025-2026 eru sem hér segir og **þessa daga er leikskólinn lokaður** (birt með fyrirvara um breytingar):

- Föstudagurinn 22. ágúst 2025
- Mánudagurinn 6. október 2025 (sameiginlegur með Bakkaborg og Breiðholtsskóla)
- Föstudagurinn 28. nóvember 2025 (sameiginlegur með Bakkaborg og Breiðholtsskóla)
- Föstudagurinn 2. janúar 2026
- Föstudagurinn 13. mars 2026
- Föstudagurinn 24. apríl 2026 (sameiginlegur með Bakkaborg og Breiðholtsskóla)

Á skóladagatali 2025-2026 koma jafnframt fram **skráningardagar**. Skráningardagar eru þeir dagar sem leikskólinn er lokaður, nema fyrir þau börn sem eru sérstaklega skráð í vistun. Skráning í vistun á skráningardögum er auglýst með góðum fyrirvara og foreldrar þurfa að sækja um vistun þá daga sem þeir óska er eftir. Skráning er bindandi. Ef börn eru ekki skráð í vistun innan þess frests sem auglýstur er, eru þau í fríi og ekki tekið á móti þeim í leikskólann.

Skráningardagar skólaársins 2025-2026 eru sem hér segir:

- 24.- 28. október 2025 (vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkurborgar)
- 29.-30. desember 2025 (dagar milli jóla- og nýárs)
- 19.-20. febrúar 2026 (vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkurborgar)
- 30. mars – 1. apríl 2026 (dymbilvikan, vikan fyrir páska).





Aðrir frídagar (**rauðir dagar**) fyrir utan utan laugardaga og sunnudaga sem leikskólinn er lokaður eru sem hér segir:

- 24. desember 2025 - Aðfangadagur jóla
- 25. desember 2025 - Annar í jólum
- 31. desember 2025 - Gamlársdagur
- 1. janúar 2026 - Nýársdagur
- 2. apríl 2026 - Skírdagur
- 3. apríl 2026 - Föstudagurinn langi
- 6. apríl 2026 - Annar í páskum
- 23. apríl 2026 - Sumardagurinn fyrsti
- 1. maí 2026 - Baráttudagur verkalýðsins
- 14. maí 2026 - Uppstigningardagur
- 25. maí - Annar í Hvítasunnu
- 17. júní 2026 - Þjóðhátíðardagur Íslendinga

Fyrir hönd leikskólans Borgar,

Linda Rún Traustadóttir, leikskólastjóri





12 Fylgiskjöl

12.1 Umbótaáætlun deilda 2025-2026

Umbótapáttur: Flæði

Tækifæri til umbóta:
Að hverju er stefnt?

Útvega fjölbreyttan og örvandi efnivið sem endurspeglar áhugasvið barnanna. Eins að veita börnum frelsi til að velja sér svæði, athafnir og efnivið eftir áhugasviði, óháð hvort staðsetning sé á heimaðild barns, úti eða í öðru rými leikskólans. Veita börnum tíma og rými til að gleyma stað og stund í leik vegna innri áhugahvatar.

Hvernig á að framkvæma það?

Kennarar og starfsfólk fylgist með og les í áhugasvið barnanna. Við sköpum aðstæður þar sem verkefni eru við hæfi barnanna, þ.e. hvorki of auðveld né of erfið. Við styðjum við börn þannig að þau geti náð flæðisástandi í leik og starfi. Gefum okkur tíma til að vera í núinu með börnunum. Við forðumst að láta klukku stýra athöfnum daglegs starfs og gefum börnunum tíma og rými til að staldra við, læra í gegnum leik á sínum hraða og eftir sínu áhugasviði.

Aðlagð eftir aldri og einstaklingsmiðaðrar hæfni hvers barns. Á yngstu deildum verður ákveðinn rammi um matmálstíma, hvíld og hreinlætismál. Á eldri deildum er svigrúm til meira flæðis í matmálstímum eins og verið hefur í Borg. Meðal barna sem njóta sérkennslu verður sérkennsluteymi sem aðlagar einstaklingsnámskrá að hverju og einu barni sem nýtur sérkennslu.

Hver er ábyrgðaraðili?

Stjórnendur, deildarstjórar og sérkennsluteymi.

Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?

Skólaárið 2025-2026 er innleiðingarár og ár þar sem við munum fræðast enn meira um flæði og æfa okkur í innleiðingunni. Áætluð lok eru ekki til staðar þar sem um verkefni til lengri tíma er að ræða.

Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótapáttinn?

Stjórnendur, deildarstjórar og allt starfsfólk metur innleiðinguna og hvernig gengur með símati á deildarfundum, deildarstjórafundum og starfsmannafundum.

Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.

Að börn og starfsfólk upplifi flæði í starfi þar sem við öll fáum að gleyma stað og stund vegna áhuga á því sem við veljum okkur að gera. Við metum það með samtölum milli okkar starfsfólks og með börnunum.





Umbótabáttur: Skráningar

Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Aukin skráning á þroskaframtöndu barna (TRAS). Öll börn verði metin með TRAS skráningu og gögn notuð í foreldravíðtölum.
Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjórar sækja TRAS námskeið á haustönn 2025. Nú þegar eru aðstoðarleikskólastjórar með TRAS réttindi. Deildarstjóri eða annar starfsmaður með TRAS réttindi fyllir út matslista fyrir hvert og eitt barn. Deildarstjórar.
Hver er ábyrgðaraðili?	Skólaárið 2025-2026 skulu öll börn hafa verið metin með TRAS.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Stjórnendateymi með samtali á deildarstjórafundum.
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótabáttinn?	Öll börn hafi verið metin með TRAS matslista. Ef þörf er á er gerð einstaklingsmiðuð námskrá með markmiðum fyrir þau sem eru metin þurfa.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	



Fullgild rafraen undirskrift

HAFDÍS ÓSK BALDURSDÓTTIR

2025-08-14 10:21:39 GMT

Astæða Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

ÁSLAUG EINARSDÓTTIR

2025-08-14 13:53:06 GMT

Astæða Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

LINDA RÚN TRAUSTADÓTTIR

2025-09-10 13:46:14 GMT

Astæða Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

SUNNEFA PÁLSDÓTTIR

2025-09-11 10:56:27 GMT

Astæða Undirskrift

Fullgild rafraen undirskrift

EYRÚN BRIEM KRISTJÁNSDÓTTIR

2025-09-14 06:20:19 GMT

Astæða Undirskrift

sögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hafdís Ósk Baldursdóttir

Áslaug Einarsdóttir

Sunnefa Pálsdóttir

Eyrún Briem Kristjánsdóttir

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans:

„Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun Borgar og er hún hér með samþykkt. Við þökkum gott samstarf síðasta árið.“



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.





Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



